

## 6. fundur Umhverfisnefndar kjörtímabilið 2022-2026 haldinn 27. júní kl. 17:00

Mætt: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Ásta Rún Jónsdóttir, varamaður Bjarna Arnars Hjaltasonar.

FUNDARSTAÐUR: HUPPUSALUR

### DAGSKRÁ:

1. Erindi frá samgöngunefnd SASS.
2. Erindi frá stjórn VÍN
3. Erindi frá stjórn Skógræktarfélagi Íslands.
4. Erindi frá Sigurði H. Magnússyni varðandi aspir með vegum.
5. Kynning á nýjum verklagsreglum HSL varðandi bílflok og lausamuni.
6. Erindisbréf Umhverfisnefndar.
7. Umhverfisstefna Hrunamannahrepps.

Formaður bauð fundarmenn velkomna. Á sveitarstjórnarfundum þann 1. júní sl. var tekin fyrir breyting á nefndaskipan vegna flutninga úr sveitarfélaginu. Á þeim fundi var Halldóra Hjörleifsdóttir skipuðu formaður. Nefndarmenn senda þakkir til Brynju Sólveigar Pálsdóttur fyrrverandi formanns fyrir hennar störf og óska henni velfarnaðar á nýjum stað.

#### 1. Erindi frá Samgöngunefnd SASS.

Farið var yfir erindi frá Samgöngunefnd SASS, sem sveitarstjórn vísaði til umhverfisnefndar. Í erindinu er óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu varðandi áherslur í samgöngumálum. Eftir umræður leggur umhverfisnefnd eftirtalið til:

Helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum telur nefndin vera:

Tveggja akreina brú yfir Hvítá við Brúarhlöð. Mikil umferð stórra bíla er yfir brúna. Brúin er mjó og því nauðsynlegt að huga að breikkun á brúnni.

Klára uppbyggingu og lagningu klæðingar á veg 344 frá Hruna um Kirkjuskarð að vegi 30. Mikil umferð er um veginn og hann er mjög slæmur.

Byggja upp veg 340- Auðsholtsveg og leggja klæðningu á hann. Vegurinn er mikið keyrður og liggur að mörgum bæjum. Vegurinn verður fyrir ágangi vatns þegar flóð verða í ám á svæðinu sem veldur því að hann lokast. Það er því nauðsynlegt að hækka veginn og verja hann þannig að ekki lokist á, þá einu, leið ábúenda sem búa við veginn.

Helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi er að bæta vetrarþjónustu þannig að alla daga vikunnar, þegar vetrafærð er, sé hreinsaður snjór og hálfkuvarið bæði á vegum og gangstígum.

Efla umferðaröryggi t.d með hraðahindrunum á Langholtsveginn inná Flúðum.

Hefla þarf malarvegi reglulega til að halda þeim ökuhæfum. T.d má nefna veg nr 345 frá Hruna að Sólheimum. Mikil umferð ferðamanna er um þann veg þar sem fjölsóttur ferðamannastaður er þar, Hrunalaug.

RA (AR)  
WA

Samgönguframkvæmdir sem nefndin myndi leggja áherslu á á Suðurlandi eru að útrýma einbreiðum brúm á öllu svæðinu. Má t.d nefna ,fyrir utan allar einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1, brýr yfir Tungufljótið milli Gullfoss og Geysis og milli Flúða og Reykhólts. Breikka veginn með allri suðurströndinni, frá Selfossi að Höfn í Hornafirði. Setja fleiri fráreinar og aðreinar á aðalvegi. Bæta við útskotum þar sem hægt er að stöðva og leggja, nauðsynlegt er að bílar með farþega geti stöðvað á öruggum stöðum t.d við Sandlækjarholt. Nauðsynlegt er að bæta við útsýnisplönnum sem víðast, með upplýsingaskiltum. Þannig fækkum við ökutækjum ferðamanna úr vegköntum og þar með aukum við umferðaröryggi allra. Bæta þarf vetrarþjónustu á öllu Suðurlandi. Hefla þarf malarvegi á svæðinu oftar og ekki má gleyma hálendisvegum eins og Kjalvegi og veginum inní Landmannalaugar þarf sem margir ferðamenn fara um.

Varðandi sýn nefndarinnar á almenningssamgöngur vill nefndin hvetja rekstraraðila almenningssamgangna að skipuleggja ferðir þannig að kerfið vinni saman. Raunhæfur kostur væri að uppsveitarvagninn fari ekki frá Selfossi fyrr en vagn úr Reykjavík sé kominn. Þannig að tengingar innan þjónustunnar verði betri.

Sé óskað eftir frekari rökstuðningi við ofangreindum tillögum þá mun nefndin veita hann.

## 2. Erindi frá Stjórn VÍN

Farið var yfir erindi frá stjórn VÍN, vinum íslenskrar náttúru. Erindinu var vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn. Í erindinu eru sveitarfélög hvött til að huga vel að því hvar skógi er plantað. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps kafla 2.2.2 er skipulagsstefna sveitarfélagsins varðandi skógræktarsvæði. Stefnan er í gildi til 2032.

## 3. Erindi frá stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Farið var yfir erindi frá stjórn Skógræktarfélags Íslands. Erindinu var vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn. Í erindinu eru sveitarfélög hvött til að vinna áfram að því að klæða landið og gera það byggilegra og náttúrvænna með skipulagðri skógrækt. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps kafla 2.2.2 er skipulagsstefna sveitarfélagsins varðandi skógræktarsvæði. Stefnan er í gildi til 2032.

## 4. Erindi frá Sigurði H. Magnússyni varðandi aspir með vegum.

Farið var yfir erindi frá Sigurði H. Magnússyni. Erindinu var vísað til nefndarinnar frá sveitarstjórn. Í erindinu hvetur Sigurður sveitarfélagið til að huga að því að fella aspir sem eru með veginum frá Stóru Laxá að Flúðum vegna slyshættu. Umhverfisnefnd telur að kostir og gallar eru við umrædda asparrönd og skiptar skoðanir á tilveru hennar. Umhverfisnefnd samþykkir að óska eftir upplýsingum frá Samgöngustofu um

hvar huga þarf að lagfæringum á vegakerfinu í sveitarfélaginu til að bæta öryggi vegfarandi. Þar með talið hvort tré við vegi séu að ógna umferðaröryggi.

5. Kynning á nýjum verklagsreglum HSL varðandi bíflök og lausamuni.

Kynntar nýjar verklagsreglur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um álímingar á einstaka númerslaus bíflök og aðra lausamuni á einkalóðum.

Umhverfisnefnd hvetur íbúa til að hafa snyrtilegt í kringum sig, vera ekki að safna óþarfa inná lóðir. Einnig vill nefndin hvetja lóðar- og landeigendur til að hreinsa dauðan og illa farinn gróður af lóðum. Hreinsa upp ágengar gróðurtegundir eins og kerfil og njóla til að sporna við útbreiðslu.

Það er okkur öllum til sóma að hlúa vel að okkar fallega umhverfi.

6. Erindisbréf Umhverfisnefndar.

Rætt um erindisbréf fyrir umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Ekki er til erindisbréf fyrir nefndina. Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að unnið verði erindisbréf fyrir nefndina og óskar eftir að fá að koma að þeirri vinnu.

7. Umhverfisstefna Hrunamannahrepps.

Umræður um umhverfisstefnu Hrunamannahrepps. Ekki er til formleg umhverfisstefna sveitarfélagsins. Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að slík stefna verði unnin og óskar eftir að þeirri vinnu verði komið af stað í haust.

Halldóra Hjörleifsdóttir  
Ragnheiður Geirsdóttir  
Asta Rinn Jónsdóttir

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:09  
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir